

Þvi úrskurðast:

Allir húsmunir í búi hjónanna Einars M. Einarssonar og Önnu Petreu Helgadóttur skulu teljast séreign konunnar og félagsbúi þeirra óviðkomandi.

Hálf húseignin Grundarstigur 10 skal teljast eign félagsbúsins og takast til skiptameðferðar sem sameign hjónanna. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 19. nóvember 1945.

Nr. 63/1945. Réttvísinn og valdstjórnin

(Stefán Jóhann Stefánsson)

gegn

Stefáni Agnari Magnússyni, Halldóri Randver Þorsteinssyni, Haraldi Þorsteinssyni og Snorra Sturlusyni (Egill Sigurgeirsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Fjársvik, skjalafals, þjófnaður og ólögleg áfengisneyzla.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að refsing ákærða Halldórs Randvers Þorsteinssonar verði fangelsi 5 mánuði og ákærða Haralds Þorsteinssonar fangelsi 6 mánuði.

Ákærðu Stefán Agnar Magnússon, Halldór Randver Þorsteinsson og Haraldur Þorsteinsson greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 500 krónur til hvors.

Það er aðfinnsluvert, að rannsókn málsins er ekki svo rækileg sem skyldi. Ekki sést, að sakborningum hafi verið stíað í sundur, meðan á rannsókn stóð, og hvorki hafa þeir verið samprófaðir nægilega sín á milli né við kærandann, Þorstein Þorsteinsson.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að refsing ákærða Halldórs Randvers Þorsteinssonar verði fangelsi 5 mánuði og refsing ákærða Haralds Þorsteinssonar fangelsi 6 mánuði.

Ákærðu Stefán Agnar Magnússon, Halldór Randver Þorsteinsson og Haraldur Þorsteinsson greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Stefáns Jóhanns Stefánssonar og Egils Sigurgeirssonar, 500 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 19. marz 1945.

Ár 1945, mánudaginn 19. marz, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Jónatan Hallvarðssyni sakadómara upp kveðinn dómur í málinu nr. 570—573/1945: Réttvisin og valdstjórnin gegn Stefáni Agnari Magnússyni, Haraldi Þorsteinssyni, Halldóri Randver Þorsteinssyni og Snorra Sturlusyni, sem tekið var til dóms hinn 12. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Stefáni Agnari Magnússyni matsveini, Ingólfsstræti 7b, Haraldi Þorsteinssyni verkamanni, Bergþórugötu 41, Halldóri Randver Þorsteinssyni sjómanni, Laugaveg 147, og Snorra Sturlusyni verkamanni, Skólavörðuholti 61, fyrir brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935 og gegn þremur hinum fyrrnefndu fyrir brot gegn XVII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærður Stefán Agnar Magnússon er kominn yfir lögdur sakamanna, fæddur 27. nóvember 1916, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1932 $2\frac{1}{3}$ Undir rannsókn út af meintri þátttöku í bílþjófnaði. Sök sannaðist ekki, og málið féll niður.

1933 $2\frac{1}{2}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiði skaðabætur fyrir skjalafals, svik og þjófnað.

1935 $3\frac{1}{4}$ Sátt: 10 kr. sekt fyrir brot á lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

1935 $1\frac{1}{2}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 8 mánaða betrunarhúsvinna fyrir gripdeild.

Dómur hæstaréttar í sama máli $\frac{1}{10}$ 1935: Refsiákvæði

staðfest. Brotið heimfært undir 239. gr. alm. hegningarlaga, sbr. 6. gr. laga nr. 51 1928 og 55. gr. alm. hegningarlaga.

- 1940 $\frac{1}{2}$ Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1940 $1\frac{1}{2}$ Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1940 $1\frac{1}{2}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.
 1940 $1\frac{1}{2}$ Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1941 $1\frac{1}{2}$ Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun og árás. Lofaði skaðabótum, kr. 11.00.
 1941 $3\frac{1}{2}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 8 mánaða fangelsi. Sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. sbr. 255. gr. hegnl. nr. 19 1940.
 1941 $1\frac{1}{2}$ Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1941 $\frac{1}{2}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 15 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr., 248. gr., með hliðsjón af 77. gr. 1. mgr. og 255 gr. hegnl. nr. 19 1940.
 1942 $2\frac{1}{2}$ Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1942 $1\frac{1}{2}$ Kærður fyrir ölvun á lokuðum dansleik. Fellt niður.
 1944 $1\frac{1}{2}$ Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1945 $1\frac{1}{2}$ Dómur aukaréttar: 6 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaganna.

Ákærður Haraldur Þorsteinsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 20. febrúar 1923, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærur og refsingum:

- 1937 $\frac{1}{2}$ Kærður fyrir svik og þjófnað. Afgr. til barnav.n.
 1938 $2\frac{1}{2}$ Áminning fyrir brot gegn 50. gr. a-lið lögr.sp. Reykjavíkur.
 1942 $1\frac{1}{2}$ Sátt: 100 kr. sekt fyrir brot gegn 4. mgr. 20. gr. bifreiðalaganna.
 1942 $\frac{1}{10}$ Sátt: 40 kr. sekt fyrir að hafa 2 farþega í framsæti bifreiðar og ljósleysi og afturnúmersleysi á bifreið.
 1943 $\frac{1}{2}$ Dómur aukaréttar: 30 daga fangelsi skilorðsbundið, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot gegn 247. gr. hegningarlaganna.
 1943 $\frac{1}{11}$ Dómur sama réttar: 45 daga fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaganna.
 1945 $1\frac{1}{2}$ Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Ákærður Halldór Randver Þorsteinsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 26. september 1924, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærur og refsingum:

- 1941 $1\frac{1}{10}$ Sátt: 300 kr. sekt og in solidum 85 kr. skaðabætur fyrir

brot gegn 217. gr. hegnl., 18. gr. áfengislaganna og 3. gr. lögr.sp. Rvíkur.

- 1941 $\frac{4}{11}$ Sátt: 5 kr. sekt fyrir brot gegn c-lið 50. gr. lögr.sp. Rvíkur.
 1943 $2\frac{2}{3}$ Dómur aukaréttar: 3ja mánaða fangelsi skilorðsbundið, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot gegn 26. kafla hegningarlaganna.
 1943 $\frac{9}{11}$ Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1944 $\frac{1}{3}$ Dómur aukaréttar: 30 daga fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot gegn 248. gr. hegnl. og 17. gr. áfengislaganna.
 1944 $15\frac{1}{11}$ Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1945 $\frac{4}{1}$ Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1945 $\frac{5}{1}$ Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun og slagsmál.

Ákærður Snorri Sturluson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 10. febrúar 1921, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kær- um og refsingum:

- 1934 $\frac{8}{1}$ Áminning fyrir rúðubrot og spellvirki á húsi. Lofaði skaðabótum.
 1934 15% Kærður fyrir töku á reiðhjól. Afgr. til barnaverndarnefndar.
 1935 $2\frac{2}{10}$ Kærður fyrir töku á reiðhjólshlutum. Afgr. til barnaverndarnefndar.
 1936 2% Kærður fyrir þjófnað á 10 krónum. Málinu lokið með því, að kærður skilaði þýfinu.
 1937 $\frac{5}{1}$ Kærður fyrir þjófnað. Afgr. til barnaverndarnefndar.
 1941 $11\frac{1}{1}$ Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1941 $1\frac{9}{2}$ Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1941 2% Sátt: 10 kr. sekt fyrir brot gegn 3. gr. lögr.sp. Rvíkur.
 1941 $\frac{4}{7}$ Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1941 $12\frac{1}{11}$ Sátt: 100 kr. sekt og kr. 269.50 í skaðabætur fyrir ölvun og óspektir.
 1943 2% Dómur lögregluréttar: 250 kr. sekt fyrir að neyta áfengis við bifreiðaakstur. Sviptur ökuskirteini í 3 mánuði.
 1944 $\frac{1}{3}$ Dómur aukaréttar: 30 daga fangelsi skilorðsbundið. Sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaganna og 17. gr. áfengislaganna.
 1944 2% Sátt: 75 kr. sekt fyrir að aka bifreið með lélega hemla og ófullnægjandi ljós.
 1944 $3\frac{3}{10}$ Dómur aukaréttar: 30 daga fangelsi og skaðabætur, kr. 2043.00, fyrir brot gegn 217. gr. hegningarlaganna, 18. gr. áfengislaganna og 3. og 7. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

I.

Síðari hluta dags hinn 13. f. m. sátu ákærðir saman við borð í veitingahúsinu Ingólfskaffi hér í bænum og voru undir áhrifum

áfengis. Þá vantaði peninga fyrir meira áfengi. Ákærður Stefán Agnar fór þá í síma, sem er í veitingahúsi þessu, og hringdi upp Þorsteinn Þorsteinsson kaupmann í verzluninni Vík, Laugavegi 52. Sagðist ákærður í símtali þessu heita Guðjón Jónsson og vera matsveinn á togaranum Rán, sem væri nýkominn frá Englandi. Kvaðst hann hafa komið með í ferðinni tvö gólfteppi og eitthvað fleira, sem hann vildi selja, en sig vantaði peninga til að greiða tollinn af munum þessum. Þorsteinn sagði ákærðum að koma til sín til viðtals um þetta.

Áður en símtalið fór fram, hafði borizt í tal við borð ákærðra að útvega þyrfti peninga, og hefur ákærður Halldór Randver borið, að ákærður Stefán Agnar hafi sagt, að hann gæti alltaf fengið lánaða peninga, svo að þeir gætu haft nóg að drekka allt kvöldið. Á þessu stigi kom eigi til orða skröksaga sú, er ákærður Stefán Agnar sagði Þorsteini í símanum. Ákærður Stefán Agnar heldur því fram í upphafi, að hinir ákærðir hafi heyrt það, sem hann sagði í símann, en dregur þó úr þessu síðar og kveðst þá ekki vita, hvort þeir hafi heyrt það. Hinir neita því allir eindregið, að hafa heyrt þetta, og milli simatækisins, sem ákærður Stefán Agnar talaði í, og borðsins, sem hinir ákærðir sátu við, mun vera nokkur spölur. Er því ósannað, að hinir hafi heyrt símtal ákærðs Stefáns Agnars. Eftir símtalið talaði ákærður Stefán Agnar ekki um þetta við félaga sína, annað en að þeir skyldu ganga með sér inn að verzluninni Vík, og gerðu þeir það. Ákærðir Stefán Agnar og Halldór Randver gengu saman á undan, en hinir saman á eftir. Á leiðinni nefndi ákærður Stefán Agnar ekki við ákærðan Halldór Randver, að hann ætlaði að svikja peninga út úr Þorsteini kaupmanni, en hann kveðst hafa sagt við hann, að peninga yrðu þeir að fá, hvað sem það kostaði, og hafi ákærður Halldór Randver verið því samþykkur. Þegar inn að verzluninni Vík kom, fóru ákærðir Stefán Agnar og Halldór Randver inn í skrifstofu til Þorsteins kaupmanns, en hinir ákærðir biðu úti. Þegar inn í skrifstofuna kom, settust ákærðir Stefán Agnar og Halldór Randver sinn hvorum megin við borð, og gat sá fyrrnefndi þess strax við Þorstein, að hann hefði tekið kyndarann með, og átti með því við þann síðarnefnda. Þetta kveðst ákærður Halldór Randver ekki hafa undrazt sökum þess, að hann hafi eitt sinn verið kyndari á erlendu flutningaskipi. Ákærður Stefán Agnar sagðist koma í sambandi við símtalið, og spurði þá kaupmaðurinn hann um varninginn. Tóku nú kaupmaðurinn og ákærður Stefán Agnar að ræða um varninginn, kaupmaðurinn að skrifa hann hjá sér og ákærður að reikna út. Ákærður Stefán Agnar beindi þeirri spurningu til ákærðs Halldórs Randvers, hvað hann teldi marga metra vera í vörustranga, sem ákærðum Halldóri Randver skildist vera kjólaefni. Ákærður Halldór Randver kveðst ekki hafa vitað, hverju svara skyldi, og engu

hafa svarað. Þorsteinn kaupmaður hefur borið, að ákærður Stefán Agnar hafi borið það undir ákærðan Halldór Randver, hvað gólfteppin væru stór og hvort þau mundu komast fyrir þar á skrifstofugólfinu, og hafi þá ákærður Halldór Randver látið í ljós, að hann héldi, að þau myndu eigi komast þar fyrir. Ákærður Halldór Randver minnst ekki þessa, en ákærðan Stefán Agnar minnir, að þetta gerðist. Ákærður Stefán Agnar bað nú Þorstein um 500 krónur og fékk þær og undirritaði kvittun fyrir þeim með nafninu Guðjón Jónsson, s/s Rán. Ákærðir eru á einu máli um, að ákærður Halldór Randver hafi ekki séð kvittunina og að ákærður Stefán Agnar hafi ekki sagt honum, að hann hefði gefið upp rangt nafn. Ákærðir fóru nú út með peningana og hittu þar ákærðu Harald og Snorra, og eyddu þeir peningunum um kvöldið í áfengi og bílferðir. Ákærðan Harald minnir, að ákærður Stefán Agnar segði, er hann kom út frá Þorsteini kaupmanni, að hann hefði fengið 200 krónur að láni, og hefur ákærður Stefán Agnar samsinnt þessu. Ákærður Stefán Agnar bar upphaflega, að hann hafi sagt félögum sínum allt af léttu um, hvernig hann aflaði peninganna, en síðar tekur hann þá staðhæfingu aftur. Það er því ósannað gegn andmælum hinna, að ákærður Stefán Agnar hafi sagt þeim þetta. Daginn eftir hittust ákærðir allir. Þá símaði ákærður Stefán Agnar til Þorsteins kaupmanns og sagði sig vanta meiri peninga til að greiða með toll af teppunum. Var það þá úr, að ákærður ritaði miða til Þorsteins, þar sem hann bað um 300 krónur. Ber ákærður Halldór Randver, að ákærður Stefán Agnar hafi beðið ákærðan Snorra að fara með miðann, en Snorri ekki viljað það. Ekki man ákærður Snorri þetta, og er þetta ósannað. Ákærður Stefán Agnar fékk nú ákærðan Harald til að fara með miðann í umslagi til Þorsteins, og vissi ákærður Haraldur ekki, hvað á miðanum stóð. Þorsteinn fékk ákærðum Haraldi 300 krónur og ritaði kvittun fyrir þeim og bað ákærðan að undirrita hana, og ritaði ákærður þá undir hana: Bjarni Sigurjónsson, Bergþórugötu 63. Hann vissi, að hús þetta er ekki til, og með nafninu átti hann ekki við neinn sérstakan. Ber þessi ákærður, að sökum þess, að ákærður Stefán Agnar vildi ekki fara með miðann sjálfur, hafi sig grunað, að einhver svik væru í tafla með peninga þá, er hann hafði fengið hjá Þorsteini, og af þessum sökum kveðst Haraldur hafa ritað hið ranga nafn undir kvittunina. Ákærður Haraldur færði nú ákærðum Stefáni Agnar peninga þessa, og var útvegað áfengi fyrir þá. Síðar um daginn óku ákærðir í bifreið um bæinn og komu þá við í verzluninni Vík. Þá fór ákærður Stefán Agnar þangað inn á fund Þorsteins kaupmanns og fékk hjá honum 400 krónur út á gólfteppin og kvittaði fyrir þeirri upphæð með nafninu Guðjón Jónsson, s/s Rán, og gaf upp heimilisfang sitt á Öldugötu 26 og símanúmerið 4987. Þessum peningum eyddu ákærðir einnig í áfengi. Um kvöldið

bað ákærður Stefán Agnar ákærðan Harald að síma til Þorsteins kaupmanns og skýra honum frá, að Guðjón, matsveinn á togaranum Rán, væri farinn til Keflavíkur með togaranum og gæti ekki komið með teppin fyrr en seinna.

Allt, er ákærður Stefán Agnar sagði Þorsteini kaupmanni um sig og vörurnar, voru ósannindi, sögð í því skyni að ginna hann til að láta sig fá peninga. Með þessu atferli og ritun hins ranga nafns undir kvittanirnar hefur þessi ákærður gerzt brotlegur við 155. gr. 1. mgr. og 248. gr. almennra hegningarlaga. Háttsemi ákærðs Haralds síðari daginn þykir varða við sömu greinar, sbr. 22. gr. hegningarlaganna varðandi svikin. Þrátt fyrir neitun ákærðs Halldórs Randvers um að hafa vitað um svikin við Þorstein, þykir vera hans með ákærðum Stefáni Agnari inni hjá Þorsteini fyrri daginn og framkoma hans yfirleitt vera þannig, að hann hafi vitað, að um svik var að ræða, og hefur hann því með þátttöku sinni í þeim gerzt sekur við 248. sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga. Hins vegar þykir eigi sannað, að ákærður Snorri hafi gerzt brotlegur við lög með þátttöku sinni í þeim atburðum, er lýst hefur verið.

Ákærðir hafa allir játað, að þeir hafi neytt áfengis inni í veitingastofum báða nefnda daga, og hafa þeir með því gerzt brotlegir við 17. gr. 1. mgr. sbr. 37. gr. 1. mgr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935.

II.

Fyrri daginn, þegar ákærðir voru að leggja af stað frá Ingólfskaffi inn að verzluninni Vík, tók ákærður Haraldur að ófrjálsum gamlan rykfrakka, er hékk inni í veitingahúsinu, og hafði á brott með sér, Síðar lánaði hann ákærðum Stefáni Agnari frakkann. Frakkinn hefur komizt til skila. Með töku frakkans hefur ákærður Haraldur gerzt brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og fyrri brotum ákærðra Stefáns Agnars, Haralds og Halldórs Randvers þykja refsingar þeirra fyrir framangreind brot hæfilega ákveðnar þessar:

Refsing ákærðs Stefáns Agnars fangelsi í 1 ár.

Refsing ákærðs Haralds fangelsi í 4 mánuði.

Refsing ákærðs Halldórs Randvers fangelsi í 4 mánuði.

Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að svipta þá kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga. Þorsteinn Þorsteinsson kaupmaður hefur krafizt þess, að þeir ákærðir, sem sekir reyndust um sviksemi við hann í máli þessu, verði in solidum dæmdir til að greiða honum í skaðabætur kr. 1200.00, þ. e. a. s. samanlagðar þær upphæðir, er hann greiddi ákærðum samkvæmt framansögðu. Þessa kröfu hafa

ákærðir Stefán Agnar, Haraldur og Halldór Randver samþykkt, og verður hún tekin til greina gagnvart þeim.

Refsing ákærðs Snorra fyrir brot sitt gegn áfengislögnum þykir hæfilega ákveðin 50 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi fangelsi í 3 daga í stað hennar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðir Stefán Agnar og Haraldur greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Egils hæstaréttarlögmanns Sigurgeirssonar, kr. 500.00.

Ákærðir Halldór Randver og Snorri greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, héraðsdómslögmanns Gunnars E. Benediktssonar, kr. 500.00.

Allan annan sakarkostnað greiði ákærðir in solidum.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður Stefán Agnar Magnússon sæti fangelsi í eitt ár.

Ákærðir Haraldur Þorsteinsson og Halldór Randver Þorsteinsson sæti fangelsi í 4 mánuði hvor.

Ákærður Snorri Sturluson greiði 50 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi 3 daga fangelsi í stað, sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðir Stefán Agnar Magnússon, Haraldur Þorsteinsson og Halldór Randver Þorsteinsson eru frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærðir Stefán Agnar Magnússon, Haraldur Þorsteinsson og Halldór Randver Þorsteinsson greiði in solidum Þorsteini Þorsteinssyni kr. 1200.00 innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Ákærðir Stefán Agnar Magnússon og Haraldur Þorsteinsson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Egils hæstaréttarlögmanns Sigurgeirssonar, kr. 500.00.

Ákærðir Halldór Randver Þorsteinsson og Snorri Sturluson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, héraðsdómslögmanns Gunnars E. Benediktssonar, kr. 500.00.

Allan annan málskostnað greiði ákærðir in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.